



## Hleðslustöðvar fyrir fjölbýlishús

Rafbílar og tengiltvinnbílar verða sífellt vinsælli meðal almennings þar sem þeir eru hagkvæmir í rekstri, umhverfisvænir og úrval þeirra stöðugt að aukast. Almenn krafa rafbílaeigenda er að geta hlaðið rafbílinn heima hjá sér, sem er hentugast og hagkvæmast.



Smíðshöfði 1 · 110 Reykjavík · Sími 568 8600 · [www.taeknivit.is](http://www.taeknivit.is)



## Hleðslustöðvar fyrir fjölbýlishús

Þegar kemur að hleðslu rafbíla í fjölbýlishúsum skal tryggja að lausnin virki til framtíðar en sé jafnframt hagkvæm, áreiðanleg og örugg.

### Aukið verðmæti

Íbúðir auka verðmæti sitt þegar hægt er að hlaða rafbíl eða tengiltvinnbíl í viðkomandi fjölbýlishúsi.



# Heildarlausn í rafbílahleðslum

Tæknivít býður heildarlausn í rafbílahleðslum fyrir fjölbýli, þ.e. hönnun, uppsetningu og rekstur. Hönnun og frágangur er að fullu í samræmi við kröfur Mannvirkjastofnunar um hleðslu rafbíla. Löggildir rafverktakar með þekkingu á viðkomandi hleðslukerfi sjá um uppsetningu. Hleðslulausn fyrir fjölbýlishús má skipta í þrjá eftirtalda hluta:

## Raflagnakerfi fyrir hleðslustöðvar

- Gerir öllum kleift að setja upp hleðslustöð við sitt bílastæði.
- Kostnaður fellur á viðkomandi húsfélag og er almennt 50-100 þús. kr. á íbúð fyrir innistæði, 100-250 þús. á íbúð fyrir útistæði.
- Reykjavíkurborg og Akraneskaupstaður styrkja uppsetningu hleðslustöðva á sameignarstæðum utandyra

## Hleðslustöðvar

- Hleðslustöðvar eru í boði í öllum stærðum og gerðum. Þær eru afhentar uppsettar og tilbúnar til notkunar.
- Hleðslustöðvar eru settar upp eftir því sem rafbílum fjölgar í sameign.
- Kostnaður er 150 - 300 þús. kr. á hleðslustöð, kostuð af rafbílaeiganda ef um einkastæði er að ræða, kostuð af húsfélagi ef um sameignarstæði er að ræða.

## Umsjónarkerfi

- Umsjónarkerfi er þriðjætt: **álagsstýring, aðgangstýring og uppgjör.** Þjónustugjald er 0 - 1500 kr. á notanda á mánuði, háð aðstæðum og kerfisvali.
- Álagsstýring tryggir að hleðsla rafbíla trufli ekki almenna rafmagnsnotkun í húsinu og að allir rafbílar séu fullhlaðnir á hverjum morgni.
- Aðgangsstýringar eru almennt notaðar við rafbílahleðslu á sameignarstæðum. Notandi auðkennir sig með aðgangskorti til að hefja hleðslu.
- Uppgjör umsjónarkerfis sýnir notkun hvers og eins. Einnig í boði sjálfvirk uppgjör þar sem notendur fá reikning fyrir sinni notkun og húsfélagið fær endurgreiðslu fyrir rafmagnsnotkun hleðslustöðva í sameign.

# Fagleg ráðgjöf

Tæknivít er í samstarfi við helstu söluaðila hleðslustöðva og býður ráðgjöf um hvaða hleðslukerfi er hentugast og hagkvæmast fyrir viðkomandi aðstæður. Viðskiptavinir geta borið saman mismunandi hleðslukerfi og valið það sem hentar best þeirra þörfum.

Fyrsta skref er að ráðgjafi Tæknivíts hittir umsjónaraðila húsfélags á ráðgjafarfundum. Verkefni fundarins eru eftirfarandi:

1. **Skoðun á aðstæðum**
2. **Val á hentugri og hagkvæmri hleðslulausn**
3. **Útbúin kostnaðaráætlun**
4. **Hönnun á völdu hleðslustöðvarkerfi ásamt raflagnaupprætti**
5. **Svara spurningum viðskiptavinar**

Ráðgjafafundurinn er án skuldbindinga. Viðskiptavinur heldur öllum gögnum frá fundinum og notar þau eins og honum þóknast.



Pantaðu ráðgjöf hjá Tæknivíti í síma 568 8600 eða tölvupósti, [stefan@taeknivit.is](mailto:stefan@taeknivit.is)

Ráðgjafi er Stefan Birnir Sverrisson, rafmagns- og tölvuverfræðingur og sérfræðingur í rafbílahleðslumálum.

### Ráðgjöfin kostar:

111.600 kr. m/vsk fyrir húsfélög með 40 íbúðir eða færri.

Stærri húsfélög samkvæmt samkomulagi